

## **Tillögur fyrir aðalfund 2022**

### **Tillaga um arð og ráðstöfun hagnaðar**

„Stjórn sjóðsins leggur til að á árinu 2022 verði ekki greiddur út arður vegna afkomu 2021 til hluthafa til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.“

### **Tillaga um endurskoðanda**

„Stjórn Lánasjóðsins leggur til að endurskoðunarfyrtækið KPMG verði ráðið sem endurskoðandi sjóðsins til næstu 5 ára“.

Fjármálafyrtækjum er samkvæmt lögum um endurskoðendur nr. 94/2019, heimilt að ráða endurskoðunarfyrtæki að hámarki til 10 ára.

### **Tillaga um starfskjarastefnu**

Stjórn leggur til að starfskjarastefnan standi óbreytt.

### **Tillaga um laun stjórnar og undirnefndar stjórnar**

„Laun til stjórnarmanna verði áfram 20% af efsta þrepi launaflokks 149 í launatöflu skrifstofufólks Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hvern mánuð að viðbættu orlofi, en 30% til formanns stjórnar. Varamenn í stjórn fái 20% af sama launaflokki að viðbættu orlofi fyrir hvern setinn fund. Laun aðalmanna eru því 139.096 kr. á mánuði en formaður fær 208.644 kr. á mánuði“.